

Erindi til bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar

Efni: Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Selfoss 2022

Óhætt er að fullyrða að á því rúma ári sem liðið er frá því fyrstu verðslanir og veitingastaðir í nýjum miðbæ opnaði hafi orðið umtalsverð breyting á Selfossi. Miðbærinn hefur vakið mikla athygli og dregur að sér fjölda fólks, heimamenn sem og gesti. Þó aðeins sé um fyrri áfanga uppbyggingarinnar er Selfoss nú þegar orðinn eftirsóttur áfangastaður erlendra og innlendra ferðamanna, sem er ný staða.

Reynslan af þessu fyrsta ári hefur fært sveitarfélaginu Árborg, Sigtúni Þróunarfélagi og öllum öðrum aðstandendum verkefnisins mikilvægan lærdóm sem nýta verður nú þegar vinna við annan áfanga verkefnisins er að hefjast. Sem dæmi um það má nefna:

- **Tengsl miðbæjarins við Sigtúnsgarð:** Ljóst er að í nýja miðbænum hefur skapast nýr vettvangur fyrir útivist og útisamkomur í bænum. Mikilvægt er að horfa til nýrra hugmynda um tengsl miðbæjarsvæða og Miðbæjargarðsins og í raun líta á þetta tvennt sem eina heild.
- **Umferð gangandi, hjólandi og akandi:** Nú hefur fengist reynsla af því hvernig heimamenn og gestir koma og fara inn á svæðið, sem kallar á aukna samvinnu aðila, Svf. Árborgar og Sigtúns, um frekari þróun stíga osfrv. til að auka gæði svæðisins.
- **Mikilvægi útisvæða og kröfur um frágang / grænt aðlaðandi umhverfi** Reynslan hefur sýnt fram á mikilvægi grænna áherslna í frekari uppbyggingu miðbæjarins, og mikilvægt að horfa nánar til þessara umhverfisþátta.
- **Tengsl nýja miðbæjarins við Austurveg / Eyrarveg** Uppbygging miðbæjarins hefur haft áhrif á fjölmargar forsendur fyrir þjónustustarfsemi í nágrenninu, og mikilvægt að horfa til framtíðarþróunar þessara tveggja aðalgatna Selfoss, ekki síst með hliuðsjón af flutningi þjóðveg nr. 1 með nýrri brú yfir Ölfusá.
- **Tengslin við Íþróttasvæðið** Íþróttasvæðið dregur til sín mikinn fjölda gesta bæði að sumri og vetri, og reynslan sýnir að þeir gestir sækja mjög í miðbæinn. Því er mikilvægt að huga að uppbyggingu vandaðra og fallegra göngu- og hjólaleiða milli þessara tveggja segla.

Ósk um viðræður við bæjarstjórn.

Sigtún Þróunarfélag óskar hér með eftir viðræðum við fulltrúa sveitarfélagsins Árborgar um áframhaldandi uppbyggingu á miðbæjarsvæðinu. Þau atriði sem lögð yrði áhersla á eru:

- **Deiliskipulagsbreyting.** Við þróunavinnu Sigtúns undanfarna mánuði hafa komið fram hugmyndir sem kalla á breytingu á deiliskipulagi ef þær yrðu að veruleika.

- **Pátttaka íbúa.** Sigtún Þróunarfélag leggur mikla áherslu á samráð við íbúa um hugsanlegar breytingar og óskað er eftir umræðu um hvernig slíku samráði varðandi deiliskipulagið yrði best fyrir komið, t.d. með íbúakosningu.
- **Samstarf um hönnun og nýtingu** Hagsmunir sveitarfélagsins og Sigtúns Þróunarfélagsins fara saman á mörgum sviðum og óskað er eftir umræðu um hvernig verka- og kostnaðarskiptingu aðila yrði best háttað.

Virðingarfyllt,
Leó Árnason
Stjórnarformaður Sigtúns þróunafélag